



Jóla

FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Desember 2004 - 26. árgangur. - 16. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Af hauststarfinu
í sauðfjárrækt 2004
Bls. 2

Fréttir frá Félagi kúabænda
á Suðurlandi
Bls. 4

Folaldaskýrslur
Bls. 5

Hugleiðingar um fjármál
og fjármögnun
Bls. 6

Sæðisdropinn
Bls. 8

Frá formannafundi BSSL
Bls. 10

Útigangshross
Bls. 11



Ritstjórn:
Jóhannes Hr. Símonarson,
Runólfur Sigursveinsson,
Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður:
Sveinn Sigurmundsson
Sími 480 1800 - Fax 480 1818
Netfang: bssl@bssl.is
Vefslóð: <http://www.bssl.is>
ISSN 1605-7546

Prentun:
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Námskeið í frumkvöðlafræðum

Búnaðarsamband Suðurlands, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Frumkvöðlafræðslan standa fyrir námskeiði í frumkvöðlafræðum 11. - 25. janúar 2005. Um er að ræða kvöld- og helgarnámskeið, samtals um 40 kennslustundir.

Markmið námskeiðsins er að auðvelda fólki að átta sig á möguleikum sínum til að takst á við ný tækifæri til atvinnusköpunar í heimahéraði og að kynna og æfa leiðir til að undirbúa slíka atvinnusköpun.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni, www.bssl.is

Hrossaræktarsamtök Suðurlands

Á vef Búnaðarsambandsins www.bssl.is má lesa fundargerðir stjórnar. Fundargerð haustfundar sem haldinn var 7. nóvember er einnig að finna þar. Helstu mál haustfundar voru sæðingastöðin og stóðhestar samtakanna. Endilega kynnið ykkur málið á vefnum.

Halla Eygló Sveinsdóttir



Búnaðarsamband Suðurlands

sendir öllum bestu jóla- og nýárskvedjur.

*Með þökkum fyrir samstarfið
á árinu sem er að líða.*



Starfsfólk Bændabókhalds BSSL

*sendir viðskiptavinum sínum og samstarfsaðilum
bestu jóla- og nýárskvedjur.*

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.



Af hauststarfinu í sauðfjárrækt 2004

Skipulag haustsins var með svipuðu sniði og síðustu ár. Mesti annatíminn er frá enduðum september og út október. Afkvæmarannsóknir hrúta og gimbraskoðanir fóru fram samhliða hrútaskoðunum eftir því sem bændur óskuðu og tími leyfði.

Að dómsstörfum komu Guðlaug Berglind, Óðinn Örn, Jón Viðar, Elín Heiða, Halla Eygló, Haukur Bjarnason og Fanney Ólöf. Sólrún Ólafsdóttir sá um skráningar á dómum í tölvu og aðstoðaði við úrvinnslu.

Hrútasýningar 2004

Skóðaðir voru um 3.000 hrútar á Suðurlandi í haust og er það töluvert meira en á síðasta ári. Að auki fór Fanney Ólöf í Austur-Skaftafellssýslu og dæmdi um 600 hrúta og 1.500 gimbrar.

Líkt og undarfarin haust voru haldnir sauðfjárræktarfundir í sýslunum þremur þar sem haustið var gert upp, sæðingahrútar kynntir, farið yfir niðurstöður skýrsluhaldsins 2003 og veitt verðlaun. Á fundina þrjá mættu 130 manns sem er mjög ánægjulegt.

Veturgamlir hrútar

Dæmdir voru 492 veturgamlir hrútar í haust og fóru 99% þeirra í I verðlaun. Skóðaðir voru töluvert færri hrútar nú en í fyrra eða um 50 færri. Vænleiki var heldur minni en 2003 yfir Suðurland. Af þessum 492 hrútum voru 226 undan sæðingahrútum, 184 undan þeim hyrdu og 42 undan þeim kollóttu. Af hyrdu hrútunum voru flestir undan Áli (42) og Vísi (25). Af kollóttu sæðingahrútunum voru flestir undan Arfa (13). Synir Áls, Dreitils og Vísis komu best út að jafnaði.

Mikið úrval var af fallegum veturgömlum hrútum í haust. Líkt og í fyrra stóð til að verðlauna þá hrúta sem besta útkomu eru að fá sem einstaklingar og fyrir sláturlömb. Þar sem tími var naumur og mikil vinna yrði að kalla inn upplýsingar um lömb undan stigahæstu hrútunum var ákveðið að fresta verðlaunaveitingu fyrir veturgömlu hrútana þar til í mars á næsta ári þegar niðurstöður skýrsluhaldsins liggja fyrir. Á fundunum voru kynntir tíu stigahæstu hrútarnir fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri og afhentur listi yfir enn fleiri. Hægt er að nálgast það skjal á heimasíðunni.

Lambhrútar

Skóðaðir voru yfir 2.540 lambhrútar á Suðurlandi í haust. Þar af voru 225 lambhrútar dæmdir í Teigi I og Ytri-Skógum vegna afkvæmarannsóknar fyrir Sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Sjaldan eða aldrei hefur verið eins mikið úrval af góðum hrútsefnum á Suðurlandi og í ár og ómvöðvamælingar þær mestu frá upphafi mælinga.

Af þessum 2.540 lambhrútum sem voru skóðaðir voru 1.162 undan sæðingahrútum. Af hyrdu sæðingahrútunum áttu Hylur (158) og Lóði (147) langflesta syni. Arfi (50) og Sólon (43) áttu flesta syni af kollóttu sæðingahrútunum.

Líkt og tvö síðustu ár voru stigahæstu lambhrútarnir fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri verðlaunaðir. Ef hrútar eru jafnir fyrir þessa eiginleika samanlagt ráða heildarstiginn og þá ómvöðvi, lögun og ómfita. Á fundi Sauðfjárræktarnefndar Búnaðarsambands Suðurlands í haust var samþykkt að „refsa“ einlembingum. Ákveðið var að hafa það fyrirkomulag einfalt og draga 0,5 stig af bak+malir+læri, (0,125 stig af baki, 0,125 af mölum og 0,25 af lærum), hjá fæddum einlembingum og gengnum. Rökin fyrir þessu fyrirkomulagi er að einlembingar eru í flestum tilfellum feikna vænir gripir og því yfirleitt heldur hátt stigaðir.

Eftir fundina kom í ljós að í Árnassýslu hafði fyrir mistök fallið niður skráning á nokkrum lambhrútum og að þrír þeirra hefðu átt að taka verðlaunasæti, þ.e. 8., 9. og 10. sæti. Þetta hefur verið leiðrétt í töflunni fyrir



Hinn mikli áhugamður um sauðfjárrækt Vilhjálmur Eiríksson á Hlemmiskeiði veitti verðlaunum fyrir besta lambhrútinn í Árnassýslu viðtöku fyrir sveitunga sinn Jökul á Ósabakka.

Árnassýslu og ákveðið hefur verið veita þeim verðlaun á fræðslufundunum um sauðfjárrækt sem haldnir verða í mars á næsta ári. Lambhrútarnir sem fengu viðurkenningu fyrir þessi sæti munu halda sínum verðlaunum enda eru allir þessir lambhrútar efni- leg hrútsefni og eiga verðlaun skilið.

Hægt er að nálgast lista yfir alla lambhrúta með 36,0 eða meira fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri í sýslunum þremur á netinu. Lambhrútar með mikla galla eins og t.d. skakkt bit hafa þó verið teknir út af listanum enda ekki ásetningshæfir. Eins og sjá má á þessum lista er mikið til að feikna fallegum hrútsefnum og þyrfti í raun að verðlauna mun fleiri hrúta en þessi verðlaunaveiting er til gamans og hvatningar og er von Búnaðarsambandsins að bændur kunni að meta það. Til að komast að því hvort lambhrútarnir standa undir þessum dómum er nauðsynlegt að fá lömb undan þeim og ágætt að miða við að halda undir þá lágmark 18-20 ám. Mikilvægt er að fá reynslu á þá sem fyrst og nota einungis þá bestu áfram.

Hæst dæmdu lambhrútar 2004

V-Skaftafellssýsla:

1. 5492 frá Þykkvabæ 3 (f. Hylur 01-883) - 86,0 stig
2. 421 frá Borgarfelli (f. Spakur 00-909) - 85,5 stig
3. 235 frá Mörk (f. Dreitill 00-891) - 86,5 stig
4. 874 frá Úthlíð (f. Steri 00-639) - 86,5 stig
5. 840A frá Fagurhlíð (f. Hylur 01-883) - 86,0 stig
6. 7671 frá Borgarfelli (f. Hylur 01-883) - 85,5 stig
7. 839A frá Fagurhlíð (f. Lóði 00-871) - 85,5 stig
8. 8361 frá Borgarfelli (f. Hylur 01-883) - 85,5 stig
9. 4601 frá Þykkvabæ 3 (f. Eitill 03-403) - 85,0 stig
10. 960A frá Herjólfstöðum 1 (f. Hylur 01-883) - 85,5 stig



5492 frá Þykkvabæ 3, f. Hylur 01-883.



421 frá Borgarfelli, f. Spakur 00-909.

Rangárvallasýsla:

1. 014 frá Ytri-Skógum (f. Dreitill 00-891) - 84,5 stig
2. 097 frá Ytri-Skógum (f. Dreitill 00-891) - 86,5 stig
3. 131 frá Ytri-Skógum (f. Vísir 01-892) - 86,0 stig
4. 003 frá Ytri-Skógum (f. Dreitill 00-891) - 86,0 stig
5. 171 frá Ytri-Skógum (f. Hrani 01-182) - 85,5 stig
6. 217 frá Teigi 1 (f. Hnöttur 02-393) - 85,0 stig
7. 001 frá Saurbæ (f. Vísir 01-892) - 86,5 stig
8. 151 frá Skarðshlíð (f. Lækur 97-843) - 86,0 stig
9. 013 frá Stóra-Dal (f. Lóði 00-871) - 86,0 stig
10. 205 frá Ytri-Skógum (f. Hlekkur 02-201) - 86,0 stig



014 frá Ytri-Skógum, f. Dreitill 00-891.



097 frá Ytri-Skógum, f. Dreitill 00-891.

Árnessýsla:

1. 111 frá Ósabakka (JH) (f. Hylur 01-883) - 87,5 stig
2. 036 frá Ósabakka (JH) (f. Hylur 01-883) - 87,5 stig
3. 034 frá Oddgeirshólum (SG) (f. Dreitill 00-891) - 87,0 stig
4. 091 frá Dísastöðum (HO) (f. Moli 00-882) - 86,5 stig
5. 416 frá Oddgeirshólum (MG) (f. Hylur 01-883) - 86,5 stig
6. 242 frá Tóftum (f. Leppur) - 86,5 stig
7. 131 frá Háholti (f. Hylur 01-883) - 86,0 stig
8. 3021 frá Vogsósum 2 (f. Titill 03-101) - 86,0 stig
9. 550 frá Austurey 1 (f. Kraftur 01-043) - 85,5 stig
10. 417 frá Austurey 1 (f. Kraftur 01-043) - 85,5 stig
11. 009 frá Tóftum (f. Hnoðri) - 87,0 stig
12. 088 frá Dísastöðum (HO) (f. Moli 00-882) - 86,0 stig
14. 002 frá Tóftum (f. Dropi 01-021) - 86,0 stig



111 frá Ósabakka, f. Hylur 01-883.





036 frá Ósabakka, f. Hylur 01-883.

Fanney Ólöf Lárusdóttir

Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar

sendir sunnlenskum bændum óskir
um gleðileg jól og fengsælt
komandi ár með þökk fyrir
ánægjuleg samskipti á árinu sem
er að líða.



Fréttir frá Félagi kúabænda á Suðurlandi

Á félagsráðsfundi sem var haldinn 5.október á Selfossi voru m.a. samþykktar eftirfarandi ályktanir:

Breytingar á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins:

„Félagsráð Félags kúabænda á Suðurlandi hvetur til þess að lög um Lánasjóð landbúnaðarins verði tekin til endurskoðunar þannig, að fallið verði frá skilyrðislausri kröfu um fyrsta veðrétt.“

Greinargerð:

Í lögum um Lánasjóð landbúnaðarins nr.68 frá 26. maí 1997 segir eftirfarandi í 9.gr.

„Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim sem sjóðurinn fær.“

Samkvæmt þessu er sjóðnum skylt að gera kröfu um fyrsta veðrétt hvort sem um er að ræða lán með hærri eða lægri vöxtum og án tillits til veðhæfni, greiðslugetu eða lánsfjárhæðar.

Á síðustu misserum hefur átt sér stað mikil þróun á íslenskum fjármálamarkaði. Viðskiptabankar bjóða nú hagstæð húsnæðislán og vextir á veðtryggðum langtímalánum hafa farið mjög lækkandi. Þetta umhverfi býður bændum upp á nýjar leiðir til fjármögnunar. Hins vegar eru möguleikar bænda til að nýta sér m.a. húsnæðislán bankanna nokkuð þröngur stakkur skorinn, þar sem gerð er krafa um fyrsta veðrétt og verður því sá möguleiki ekki nýttur án þess að

greiða upp Lánasjóðslánin. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að Lánasjóður landbúnaðarins, eins og aðrar lánastofnanir, geri eðlilegar kröfur til veð- og rekstrarhæfni þeirra eininga sem lánað er til. Aftur á móti segir um hlutverk Lánasjóðsins í 2. gr. laganna.

„Hlutverk Lánasjóðs landbúnaðarins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins.“

Það hlutverk getur hann einnig rækt með auknum sveigjanleika gagnvart veðstöðu, verði lögum breytt.

Lánsfjármögnun í landbúnaði og niðurgreiðsla vaxta með búnaðargjaldi:

„Félagsráð Félags kúabænda á Suðurlandi fagnar ályktun Búnaðarþings frá síðasta vetri um að fram fari grundvallarskoðun á því hvernig lánsfjárförf landbúnaðarins verði best mætt. Hvetur Félagsráðið til þess að þeirri vinnu verði hraðað og til þess litið hvernig landbúnaðurinn getur best nýtt sér þær öru breytingar sem nú eru að verða á íslenskum fjármálamarkaði. Einnig er það skoðun Félagsráðs að horfið verði frá töku veltuskatts á nautgriparéttina til niðurgreiðslu vaxta hjá Lánasjóði landbúnaðarins. Hins vegar mætti nýta ávöxtun eigin fjár sjóðsins til að auðvelda nýliðun í landbúnaði.“



JÖTUNN • VÉLAR ehf.

sendir landsmönnum óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár
með þökk fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

Folaldaskýrslur

Þessa dagana eru Bændasamtök Íslands að senda út folalda- og afdrifaskýrslur fyrir árið 2004. Skýrslurnar eru fremur seint á ferð en það er vegna þess að allnokkrar breytingar voru gerðar á kynbótamatinu. Búnaðarsambandið hefur tekið að sér að sjá um skráningu á öllum hrossaræktarskýrslum fyrir Bændasamtök Íslands þannig ræktendum er bent á að senda skýrslurnar sem fyrst til Búnaðarsambandsins. Helstu atriðin sem valda oft vandræðum við skráningu á skýrslunum í Feng eru eftirfarandi:

- Eigendaskipti eru í ólagi. Mjög algengt er að skrifað sé inn á folalda- eða afdrifaskýrslu „hryssan hefur verið í minni eigu í nokkur ár viltu vinsamlegast færa hana yfir á mitt nafn“. Eigendaskipti verða að berast skriflega frá þeim sem er skráður eigandi í Feng.
- Upplýsingar um fyljun skal skrá á fyljunarvottorð og þau verða að vera undirrituð af umsjónarmanni stóðhests, einnig verður að koma fram hvenær hryssan var hjá viðkomandi stóðhesti. Að öðrum kosti er vottorðið ógilt.
- Á folaldaskýrslum er uppruni stóðhests oft ekki ljós heldur stendur eingöngu nafn stóðhestsins á skýrslunni t.d. Gustur og ekki er nokkur leið að vita hvaða hest um ræðir.
- Á afdrifaskýrslum er hægt að hafa eigendaskipti en alltof oft vantar kennitölu kaupandans hún verður að koma fram svo hægt sé að skrá nýjan eiganda.

Hafið þessi atriði endilega í huga við útfyllingu á skýrslunum þannig þetta gangi allt sem auðveldast fyrir sig í skráningu. Að gefnu tilefni skal það tekið fram að hryssueigendur bera ábyrgð á því að fangvottorð skili sér. Í sumum tilvikum skila umsjónamenn stóðhesta inn stóðhestaskýrslu en þeim ber ekki skylda til þess.

Til að tryggja það að folald fái A-vottun þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Fangvottorð (vottorð sem hægt er að fá hjá Búnaðarsambandinu eða Bændasamtökunum, er ekki sent með folalda- og afdrifaskýrslunum), síðasti skiladagur 31/12.
- Folaldaskýrsla, síðasti skiladagur 31/12
- Einstaklingsmerking, vottorð þarf að berast fyrir 1. mars.

Ef þessum skýrslum er öllum skilað inn fær hrossið A-vottun og Bændasamtök Íslands gefa út fæðingarvottorð sem á að fylgja hrossinu við sölu. Þessi fæðingarvottorð eru mjög sniðug og auðvelda t.d. eigendaskipti. Kaupandi á að fá vottorðið strax í hendurnar eftir sölu og ber að því loknu ábyrgð á því að senda vottorðið til Bændasamtakanna þar sem eiganda er breytt. Nýi eigandinn fær vottorðið síðan sent til sín um leið og búið er að breyta eiganda.

Annað varðandi skýrsluhaldið sem rétt er að hafa nokkur orð um er afdrif fangs. Margir gera eingöngu grein fyrir hvað verður um fang ef folald fæðist. Það er hins vegar mikilvæg til að fá vitneskju um frjósemi að vita hvort hryssunni var haldið eða hún hafi verið geld. Endilega látið þessar upplýsingar koma fram. Varðandi litanúmer þá koma þau víst ekki fram á folaldaskýrslunni en það er allt í lagi að skrifa heiti litarins fyrir aftan upplýsingarnar um folaldið. Þeir sem hafa aðgang að Worldfeng geta flett upp litanúmerum. Þessi litanúmer vefjast fyrir mörgum en í stað þess að skila ekki inn upplýsingum um lit skulið þið endilega skrifa litinn, því þetta geta oft verið mjög gagnlega upplýsingar til að vita hver er hvað. Nú er oft erfitt að átta sig á lit folalda og ef litur hefur verið rangt skráður er um að gera að leiðrétta litinn á afdrifaskýrslunni.

Rétt er að minna hrossaræktendur á að öll folöld verða að vera einstaklingsmerkt fyrir 10 mánaða aldur. Með einstaklingsmerki er átt við fullgilda ör- eða frostmerkingu. Reglugerð um merkingar búfjár (nr. 463/2003) tók gildi sumarið 2003. Þeir sem hafa trassað að merkja trippi fædd 2003 eru hvattir til að bæta úr því hið bráðasta. Ég vil eindregið hvetja ræktendur til að sinna þessari skyldu sinni því reynslan sýnir að þeir sem hafa einstaklingsmerkt undanfarin ár hafa ekki séð eftir því. Örmerkingar hafa t.d. aukist gríðarlega á síðustu fjórum árum.

Þeir sem enn eru að rækta undan hryssum sem eru ógrunnskráðar ættu að drífa í að kippa því í liðinn, hægt er að fá aðstoð við að byrja í skýrsluhaldinu hjá Búnaðarsambandinu í síma 480-1800 eða á skrifstofunni. Einnig er sjálfsagt að aðstoða þá sem þegar eru þátttakendur í skýrsluhaldinu við að fylla út skýrslurnar.

Að lokum óska ég hrossaræktendum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Halla Eygló Sveinsdóttir



Hugleiðingar um fjármál og fjármögnun

Á undanförunum misserum hefur umræða um lántökur í erlendri mynt gerst æ háværari og bændur farnir að fluga þennan kost mjög alvarlega. Þessar hugleiðingar koma í kjölfar verðbólgu sem jók fjármagnsgjöld allverulega hjá mörgum bændum. Þá var árið 2001 séstaklega slæmt en þá fór verðbólgan upp í tæp 9%.

Það er mikið hagsmunamál fyrir bændur að verðlag haldist stöðugt, eða með öðrum orðum að það sé lítil verðbólga. Verðbólga má skilgreina sem viðvarandi hækkun verðlags. Þegar talað er um verðlag er átt við meðalverð vöru og þjónustu á markaði, ekki verð á einstakri vöru eða tegund þjónustu. Með viðvarandi hækkun verðlags er átt við röð hækkana yfir nokkuð langt tímabil, t.d. ár, en ekki t.d. hækkun í einum mánuði. Verðbólga felur í sér að verðgildi peninga minnkar, þ.e.a.s. minna magn vöru og þjónustu fæst fyrir hverja krónu.

Breytingar á verðlagi eru mældar með vísitölum. Algengasti mælikvarðinn á verðlagsbreytingar eru svokallaðar neysluverðsvísitölur. Gerðar eru reglulegar kannanir á neyslu heimilanna í landinu. Í hverjum mánuði er gerð verðkönnun og eru niðurstöður neyslukönnunar notaðar til þess að veða saman verð á einstökum tegundum vöru og þjónustu í heildarvísitölu. Prósentubreyting vísitölnnar yfir ákveðið tímabil, t.d. tólf mánuði, er síðan notuð sem mælikvarði á verðbólgu.

Þegar eru mörg dæmi þess að bændur hafi tekið erlend lán, myntkörfur með einni til fimm myntum í körfu. Vextir af þessum lánum eru í daglegu tali kallaðir LIBOR vextir, en það eru millibankavextir á erlendum mörkuðum (London Inter Bank Offered Rates). Þetta eru vextir sem eru skilgreindir sem: „þau almennu kjör sem bjóðast á lánum í tilteknum gjaldmiðli á millibankamarkaði í London á þeim tíma sem vextirnir eru ákvarðaðir.“ Þessir svokölluðu LIBOR vextir eru notaðir sem viðmiðunarvextir í fjármálaviðskiptum um allan heim, hvort sem um er að ræða hefðbundin lán, gjaldmiðlasamninga eða afleiðuviðskipti. LIBOR vexti er hægt að skoða á heimasíðu www.bba.org.uk en þar er tenging ofarlega til vinstri á forsíðunni á síðu yfir LIBOR-vexti, hnappurinn heitir BBA Libor. Rétt er að taka fram að engin ábyrgð er tekin á upplýsingum sem er að finna á slíkum vefsíðum eða notkun aðila á þeim auk þess sem

minnt er á almennan fyrirvara um áreiðanleika upplýsinga á vefnum.

Hér á eftir er tekið dæmi um 10 milljóna króna lán, og skoðuð bæði myndtkarfa og innlent verðtryggt lán. Í mynd 1 er tekin myntkarfa með fjórum myntum. dollar, evru, svissneskan franka og japanskt yen. Þetta er skrifað þann 25. nóvember og þá gilda Libor vextirnir í töflunni en Libor vextir breytast dag frá degi.


Útreikningur á myntkörfu					
Upphæð láns í isl. krónum:		10.000.000			
Tegund myntar	Hlutfall myntar í körfu	Upphæð í viðkomandi mynt í isl.kr.	1 mán. Libor vextir	Vextir í viðkomandi mynt, í isl.kr.	
USD	40%	4.000.000	2,1300%	85.200	
EUR	30%	3.000.000	2,105%	63.161	
CHF	15%	1.500.000	0,6567%	9.850	
JPY	15%	1.500.000	0,0400%	600	
GBP	0%	0	4,8300%	0	
100%		10.000.000			158.811
Vegnir meðaltalsvextir			1,588115%		
Álag bankans			2,500%		
Alls vextir með álagi			4,088115%		

Í þessari körfu er Sterlingspundi sleppt vegna þess að vextirnir eru svo háir. Að því gefnu að gengi og LIBOR vextir haldist svo til óbreytt í eitt ár væri vaxtagreiðsla ársins af láninu 158.811 kr auk álags viðskiptabanka sem er í þessu tilviki 2,5% og í krónum talið 250.000 kr. Sem sagt heildarvaxtagjöld ársins af láninu 408.811 kr. Vextir plús álag bankans eru 4,088 %.

Ef tekið er dæmi um innlent lán með sömu upphæð og bóndi semur um 6,5% vexti í sínum viðskiptabanka, sem gerir 650 þúsund í vaxtagreiðslu ársins auk verðbóta sem gæti verið um 3% sem gerir 300 þúsund. Sem sagt heildarvaxtagreiðsla ársins 950 þúsund. Þegar tekið er verðtryggt innlent lán þarf að huga að því hver verðbólgan er og verður á næstu árum. Á mynd 2 sést þróun verðbólgu síðan í byrjun árs 2000 og fram til dagsins í dag og þá sést að sveiflan er um það bil 7 prósentustig. Þetta getur verið mjög íþyngjandi ef skuldir eru miklar því verðbætur á afurðaverð skila sér mun seinna til bændu en verðbótahækkanir lána.

Að þessum gefnu forsendum er munur upp á 542 þúsund, þ.e.a.s. 950 þús - 408 þús. Vel getur verið að bóndi geti samið um lægra álag bankans á myntkörfuna en fram kemur í dæminu en álag fer mest eftir veðsetningarhlutfalli, heildarskulddum og rekstrarhæfni. Lítið veðsett bú með háa framlegð ætti því að

hafa betri samningastöðu en skuldbætt bú með lága framlegð. Einnig gilda sömu lögmál þegar samið er um vexti á innlendum lánum.



(Heimild: Seðlabanki Íslands)

Ekki eru verðbætur á erlendum lánum en það er gengisáhætta þ.e.a.s. gengi íslensku krónunnar gæti veikst gagnvart þeim myntum sem teknar voru að láni. Þá borgar lántakandi fleirri íslenskar krónur til baka heldur en upphaflegum höfuðstól nam.

Það sem skiptir öllu máli þegar sótt er um lán er að hafa skýr og vel fram sett gögn. Þau gögn sem um ræðir eru eftirfarandi:

- Þinglýsingarvottorð (má ekki vera eldra en mánaðargamalt).
- Ársreikningur búans síðasta rekstrarár.
- Rekstraráætlun til 5 ára.
- Rekstrargreining síðasta rekstrarár.

Þinglýsingarvottorð fæst hjá viðkomandi sýslumannsembætti og kostar 900 krónur. Ársreikninginn er hægt að prenta úr dk forritinu hjá

þeim sem það hafa annars er líka hægt að framvísa landbúnaðarframtalinu. Rekstraráætlun sýnir áætlaðar tekjur og gjöld, heildargreiðslubyrði lána, fjárfestinguna og fjármögnunina, og síðast en ekki síst peningalega stöðu í lok hvers rekstrarárs. Rekstraráætlun fyrir búið er hægt að kaupa hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Rekstrargreining greinir tekjur og gjöld á framleidda einingu hvort sem það eru mjólkurlítrar, kjötkíló eða eitthvað annað. Kostnaðinum er skipt í fastan og breytilegan og svo reiknuð út framlegð af framleiddum vörum. Þessi greining segir til um hæfni búans til að framleiða vörur fyrir sem lægstan tilkostnað. Eftir því sem breytilegur kostnaður er lægri, því meira situr eftir til að greiða fastan kostnað, laun, afborganir og vexti.

Að lokum er rétt að taka fram að hér hefur aðeins verið lýst tveimur mismunandi lánamöguleikum, kostum og göllum. Ekkert mat er lagt á það hér hvað er best í þessum efnum, vissulega eru lágir vextir af erlendum lánum freistandi en þá kemur til gengisáhætta. Vextir af innlendum lánum eru ívið hærri og verðbætur leggjast þar ofaná. Hvert tilvik verður að skoðast fyrir sig, þá verður að líta til þátta eins og efnahagsástands og efnahagsþróunar héraðs sem og erlendis.

Fjármálaþjónusta Búnaðarsambands Suðurlands hefur leiðbeint bændum og aðilum tengdum landbúnaði með sín fjármál, bókhald og uppgjör, og eru þeir hvattir til að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

*Jólaþak frá Búnaðarsambandi Suðurlands
Valdimar Bjarnason*

Tilboð óskast í greiðslumark sauðfjár

Tilboð óskast í 83,4 ærgilda greiðslumark í sauðfé. Tilboðin skal senda inn fyrir 30. desember 2004 til Búnaðarsambands Suðurlands á Selfossi merkt: Sauðfjárkvóti 83,4. Greiðslumark þetta nýtist frá áramótum 2004/2005. Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Greiðslumark sauðfjár

Tilboð óskast í 57,0 ærgilda greiðslumark í sauðfé. Tilboðin skal senda inn fyrir 30. desember 2004 til Búnaðarsambands Suðurlands á Selfossi merkt: Sauðfjárkvóti 57. Greiðslumark þetta nýtist frá áramótum 2004/2005. Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.



SÆÐISDROPINN

Dræmt framboð hefur verið á nautkálfum frá því s.l. vetur og vantar 15-20 kálfa á stöð fram til áramóta. Ég vil því eindregið hvetja ykkur til þess að tilkynna um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá og efnilegum 1. kálfs kvígum sem og ungum kúm sem eru að bera öðrum kálfi hafi þær verið sæddar með nauksföður. Þarna má nota ætternisspá til grundvallar en sl. ár hefur hún verið send út fyrir ásetta kvígukálfa.

Verið er að taka kálfa á stöð undan Túna 95024, Sprota 95036, Prakkara 96007, Hófi 96027, Fróða 96028, Hvítungi 96032 og Stíg 97010. Þá styttest í að kálfar undan Teini 97001, Byl 97002, Brimli 97016, Randver 97029, Kubbi 97030 og Hersi 97033 fæðist en þeir eru allir nauksföður.

Ég minni á að búsnúmer Uppeldisstöðvarinnar í Þorleifskoti er 166259-1 en það færast á mjólkurskýrslu þegar nautkálfur er sendur á stöðina. Að sjálfsögðu eiga allir kálfar að vera merktir áður en þeir yfirgefa búíð.

Á árinu hefur mest sæði verið sent úr Stíg 97010 (2.764 sk.), Teini 97001 (2.042 sk.), Þverteini 97032 (1.585 sk.), Fróða 96028 (1.295 sk.), Hófi 96027 (1.291 sk.), Hvítungi 96032 (1.181 sk.) og Túna 95024 (1.043 sk.). Nægar birgðir eru úr þessum nautum öllum en rétt er að minna á þær reglur sem fagræð mótaði í vetur þess efnis að til nota séu 1 skammtur á hverjar 5 árskýr og bú utan skýrsluhalds fá 3 skammta til notkunar úr Teini og Stíg.

Notkun á holdasæði er mjög lítil eða innan við 2%. Það er ljóst að ekki er verið að nýta mikla vaxtargetu Angus og Limousine til framleiðslu á nautakjöti hérlendis um þessar mundir. Mikill vaxtarhraði hlýtur þó að vera forsenda þess að nautakjötsframleiðsla geti borið sig. Þarna er þó lítið svigrúm til notkunar á holdasæði þar sem endurnýjun kúastofnsins er mjög ör.

Varðandi óreyndu nautin þá er útsendingu því sem næst lokið úr árg. '02 og er í fullum gangi úr árgangi '03.

Útsendingu er lokið úr Skurði 02012, Sendli 02013, Stórasteini 02024, Pontíusi 02028, Flóa 02029, Skjanna 02030, Fleyg 02031, Síriusi 02032, Nóa 02033, Hlekk 02036, Þrym 02042 og Ás 02048.

Útsendingu er að ljúka úr eftirtöldum nautum:

Bani 03003 frá Búvöllum, f. Soldán 959010, mf. Daði 87003
Brekkan 03004 frá Litlu-Brekku, f. Punktur 94032, Tuddi 90023
Birkir 03005 frá Ytri-Tjörnum, f. Soldán 95010, mf. Kaðall 94017
Gyllir 03007 frá Dalbæ, f. Seifur 95001, mf. Soldán 95010
Arfur 03011 frá Gunnbjarnarholti, f. Soldán 95010, mf. Hólmur 81018
Trukkur 03012 frá Kotlaugum, f. Punktur 94032, mf. Hvanni 89022
Hegri 03014 frá Hamri, f. Soldán 95010, mf. Almar 90019

Aðrir sem eru í dreifingu:

Öðlingur 03002 frá Furubrekku, f. Túni 95024, mf. Almar 90019.
Dreifing vel á veg komin.
Akur 03009 frá Stóru-Mörk, f. Túni 95024, mf. Máni 95174, mff. Þegjandi 86031. Dreifing vel á veg komin.

Draumur 03015 frá Vorsabæ, f. Túni 95024, mf. Skutur 91026.
Dreifing vel á veg komin.

Mjöltnir 03017 frá Ytri-Skógum, f. Soldán 95010, Trefill 96006.
Dreifing hafin.

Vængur 03021 frá Miðengi, f. Punktur 94032, mf. Soldán 95010.
Dreifing hafin.

Tópas 03027 frá Króki, f. Punktur 94032, mf. Búi 89017.

Dreifing hafin.

Finnur 03029 frá Móciðarhvoli, f. Soldán 95010, mf. Dúri 96023.
Dreifing hafin.

Eftirtalin naut sem flutt voru að Hvanneyri komu ekki til nytja, að mestu vegna lélegra sæðisgæða eða stukku ekki á Bröndu.

Sindri frá Þórarinsstöðum, Blossi frá Selalæk, Frami frá Þorvaldseyri, Kári frá Kárnesi, Hreppur frá Birtingarholti, Iði frá Lundi, Öxull frá Möðruvöllum, Fernir frá Lundi.

Þá eru nú á stöðinni eftirtalin ungnaut en ekki hefur verið ákveðið hvort sent verður úr þeim sæði.

Rex frá Dýrastöðum, Máni frá Drumboddsstöðum og Leiknir frá Hraunhálsi.

Á næstu dögum kemur síðan á stöðina síðasti hópur ungnauta sem fædd eru á árinu 2003 en þau eru: Óliver 03031 frá Svalbarði, Hvinur 03032 frá Hríshóli, Skandall 03034 frá Nýjabæ, Brunnur 03036 frá Efri-Brunná, Depill 03037 frá Hjarðarfelli, Flóki 03038 frá Geirshlíð, Ketill 03040 frá Stóru-Mörk 3 og Skarpur 03041 frá Egilsstaðakoti.

Haustvinnslu kynbótamats er nýlega lokið og því komnar nokkrar vísbendingar um hvernig nautaárgangur 1998, sem fær sinn afkvæmadóm í mars n.k., mun standa sig. Árgangur 1998 er stærsti árgangur sem komið hefur til prófunar, í honum komu alls 29 naut til notkunar. Almar 90019 á þarna 13 syni, Stúfur 90035 átta, Tuddi 90023 fimm, Búi 89017 tvo og Hvanni 89022 á einn son í þessum hópi. Svo virðist sem að árgangurinn í heild sinni standi nautunum frá 1997 nokkuð að baki. Meðaltal '98 nautanna fyrir afurðir er 109, meðan nautin frá 1997 standa í 115 fyrir þá eiginleika. Í hópnum er þó að finna afbragðsnaut, 11 þeirra eru með >115 í einkunn og þar af eru 3 yfir 120.

Þá styrktu '97 nautin enn stöðu sína við þessa vinnslu á kynbótamatinu og full ástæða til að beina athyglinni að mun fleiri nautum í árgangnum en þeim bestu. Þarna eru mjög góð naut á ferðinni.

Þá vil ég minna á og hvetja til eftirfarandi:

- Sæða kvígurnar - einfaldasta leiðin til þess að auka erfðaframsfarir
- Fá númer á heimanautin - hafið samband við undirritaðan
- Tilkynna um nautkálfa undan kúm á nautsmæðraskrá og efnilegum ungum kúm og kvígum

Guðmundur Jóhannesson

*Gledileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á liðnu ári*

Sprettur ÁBURÐUR

Búaðföng í samvinnu við Skeljung hf. býður nú hágæða fjölkornaáburð, fyrir íslenskar aðstæður framleiddan í Vestur-Evrópu:

Sýnishorn úr verðlista fyrir fjölkornaáburð 2004-2005

Áburðarteg.	Desember 2004	Febrúar 2005	Mai 2005
27% N	20.824	23.379	25.800
26-7	20.987	23.561	26.000
26-13	21.802	24.471	27.000
16-15-12	22.796	25.581	28.220
20-10-10	21.394	24.016	26.500
20-12-8	21.394	24.016	26.500
24-9-8	21.235	23.839	26.305

Verðskrá miðast við tonnverð í 500 kg. sekkjum án vsk.

Sprettur

-látta spretta sem aldrei fyrr...



Shell umboð



BÚAÐFÖNG

Lúðvík Bergmann
Storólfsvöllum • 860 Hvalsvellur
Sími 487 8888, Gsm. 896 9980
bu@bu.is

Frá formannafundi BSSL

Hinn árlegi formannafundur Búnaðarsambandsins var haldinn á Hótel Selfossi mánudaginn 29. nóvember s.l.. Á fundinn voru boðaðir tveir stjórnarmenn eða fulltrúar frá hverju aðildarfélagi BSSL.

Aðalviðfangsefni fundarins fyrir utan hefðbundna yfirferð um starfsemi Búnaðarsambandsins var „Hlýnandi veðurfar og áhrif þess á lífríkið og landbúnað.“ Til þess að hafa framsögu um efnið voru fengnir að tveir fyrirlesarar, þeir Snorri Baldursson hjá Náttúrfræðistofnun Íslands og Bjarni E. Guðleifsson sérfræðingur hjá RALA á Möðruvöllum en báðir sátu þeir ráðstefnu Norðurheimskautaráðsins sem haldin var um efnið í Reykjavík fyrir í mánuðinum.

Í framsögu sinni tóku þeir félagar fyrir hnattrænar loftslagsbreytingar yfirleitt, loftslagsbreytingar og landbúnað á heimsvísu til ársins 2050, loftslags-

breytingar á Íslandi fram til 2050 og áhrif þeirra á íslenskan landbúnað og hvaða viðbrögð, aðlögun og aðgerðir við þurfum að viðhafa vegna þeirra. Meginniðurstöður Bjarna E. Guðleifssonar, sem einbeitti sér að áhrifum loftlagsbreytinganna á landbúnaðinn, voru eftirfarandi:

- Á næstu 50 árum virðast breytingarnar verða meiri en verið hefur síðustu 1000 árin (og sennilega meiri en síðustu 160.000 árin)
- Sumarhiti mun hækka um 1,5°C og úrkoma um 7,5%
- Vetrarhiti mun hækka um 3°C og úrkoma um 15%
- Sjávarstaða hækkar um 16 cm (afleiðing loftslagsbreytinga)

Fram kom í máli Bjarna að íslensks landbúnaðar bíða ýmis jákvæð tækifæri samfara loftslagsbreytingunum, s.s. aukin og tryggari uppskera og möguleikar á ræktun

nýrra nytjajurta hérlendis. Breytingunum fylgja einnig talsverðar ógnanir s.s. nýir skaðvaldar og breytt álag á plöntur og dýr. Síðast en ekki síst fylgja breytingunum miklar áskoranir fyrir bændur, rannsóknamenn og ráðgjafa til að bregðast við þessum nýju aðstæðum. Fylgjast þarf vel með nýjum yrkjum og kvæmum sem hér væri hægt að nýta en jafnframt þarf að auka fræðslu í því hvað bændur og aðrir geta gert til að draga úr (milda) loftslagsbreytingum er þar er mikilvirkast að binda kolefni með skógrækt og landgræðslu, draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum (CH⁴, N²O, CO²) og viðhalda rétttri meðferð áburðar og jarðvegs.

Jóhannes Hr. Símonarson

Óskum félagsmönnum, starfsfólki og öðrum landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls nýárs með þökk fyrir gott samstarf og viðskipti á árinu.

MJÓLKURBÚ  FLÓAMANNA



Útigangshross

Heldur hefur veður verið umhleypingasamt að undanfögnu og er nokkuð um að hross séu farin að leggja af og komin með holdhnjóska. Það er því full ástæða til að fylgjast vel með útigangshrossum og tryggja þeim nægt fóður, vatn og skjól. Rétt er að minna á að á árinu 1999 var sett reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa. Reglugerðin tók þegar gildi að því undanskyldu að hrossaeigendum var veittur frestur til ársloka 2000 til að koma sér upp sérstöku skýli fyrir útigangshross. Nú eiga öll útigangshross því að hafa aðgengi að skjóli en því miður er enn víða pottur brotinn í þeim efnunum. Ábúendur á lögbýlum geta sótt um jarðabótastyrk fyrir hrossaskjólum og er styrkurinn 50.000 kr fyrir hvert skjól. Dæmi um teikningar að hrossaskjóli má finna á heimasíðu Bændasamtaka Íslands, www.bondi.is. Annað sem útigangshrossum vanhagar oft um er aðgangur að vatni. Vatn er útigangshrossum nauðsynlegt, einkum þola fylfullar hryssur og fylsugur

vatsleysi illa. Vegna þess að vatn er víðast nóg á Íslandi vill það stundum gleymast í sambandi við útigönguhross að þeim er hætt við vatnsskorti, þegar langvinn frost ganga og jörð er auð. Víða frjósa þá venjulega vatnsból eða að kringum þau myndast svellbólstrar sem hrossin þora ekki út á. Þegar svo skipast með veðurfar þarf því að gæta þess að brynna hrossum reglulega eða sjá til að þau komist klakklaust í vatnsból. Sár er sulturinn en sárari er þorstinn.

Eins og bændur vita er skynsamlegast að koma skepnum í góðan haga eða hefja gjöf áður en þær fara að leggja af. Ormalyfsgjöf er nauðsynleg og hafa það flestir fyrir reglu að ormahreinsa hross sín að lágmarki tvisvar á ári. Þó okkur finnst ormalyfið ef til vill dýrt, má benda á að það er fljótt að borga sig í betri fóðurnýtingu og þroska hjá skepnum. Að lokum, komum hrossunum okkar í skjól því gott skjól dregur úr orkupörf og bætir líðan.

Halla Eygló Sveindóttir



Gæðingurinn á áburðarmarkaðinum

Hjá þeim sem vilja ná hámarksárangri í búskap er áburðurinn eitt þeirra atriða sem skipta máli. Góð dreifing og nýting næringarefna getur skipt sköpum varðandi fóðrun og heilsufar gripa. Allur Yaraáburður er einkorna gæðaáburður. Dæmi um mikilvægt efni er snefilefnið selen og Yara býður m.a. selenbættan áburð fyrir tún og beitelönd. Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúa Yara í heimahéraði eða hjá aðalskrifstofu í síma 575-6000 og á vefnum yara.is.



Státurfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • IS-110 Reykjavík • Sími: 575 6000 • Fax: 575 6090 • www.yara.is



Éða' zÛgxyqgv o



Y`rf s kt t &qqg& { Û| xgt j &Pgl &| Ûhp xp& &Á q&Pÿt & Ûg&Á ghÂ &K
K& gx& &NÁ r&M| Ût & &| Ût gyz' Û| s &an&| kx& &Q&pp hÂ g&xqgl yz&M
ykt j g&™ yz&g&x& &gq&od& &an& Ûg& Ûz' q| x&an&t Á m& ikn&g&s yq& z& &x| { &
&xs &Ûg&Ûg&

\ Û&ÿq|s &rf s & Ûÿq& z| & {s &nk Û&kn&g&ÿg&an&g&ÿÁ j g& &ÿus gt j &x&

Ýks &ÿks &tt &ong& z&g&Û> z&akt j {s & Û& &g&Û& z&kyks hkxs ' t { Û&an& &
7; + &ÿÿr' z| x&x & gÿ|k&Û&v' t z t &E&ox&gs ÿz&ÿt j &ÿt j &an& zÛgxyqgv Û4

TUNGLI




Áburðarverksmiðjan

4W ` é_ [eó'gVWVSD' '*" %\$\$
T i i STgd/gdfe

\ kxÛ&an& Û&an&ÿt { yzg